

1. fundur vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð - minnisblað

Fundarstaður: Flóaskóli

Fundardagur: fimmtudagur 16. febrúar 2023

Fundartími: 16:00-18:00

Mætt:

Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir, Gunnlaug Hartmannsdóttir, Bjarni Stefánsson, Sigríður Oddný Stefánsdóttir, Ragnar Finnur Sigurðsson, Heimir Rafn Bjarkason, Kári Þór Steindórsson, Benóný Ágústsson, Örvar Rafn Hlíðdal, Sigurður Ingi Sigurðsson, Brynjar Jón Stefánsson.

Forföll:

Harpa Magnúsdóttir

Anne Hansen frá Eflu mætti sem gestur fundarins.

Árni bauð hópinn velkominn og fór aðeins yfir aðdragandann að stofnun vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð.

1. Anne frá EFLU kom inn á fundinn og fór yfir greiningarvinnu og þá forvinnu sem farið hefur fram á vegum EFLU og sveitarfélagsins í kringum deiliskipulagið sem unnið var fyrir svæðið veturinn 2021-2022. Deiliskipulagið er í yfirferð hjá Skipulagsstofnun eins og staðan er dag. Búið að ákveða byggingarreitinn og mögulegt byggingarmagn og skýringarmyndir settar upp sem dæmi en ekki hefur farið fram nein hönnun á húsnæðinu. Rætt um íbúapróun, hvernig íbúaspá var unnin útfrá aðalskipulagi og hvort skoða þurfi íbúapróun útfrá nýrri gögnum svo sem samþykktu deiliskipulagi íbúðabygðar í Flóahreppi og öðrum þáttum. Farið yfir grunnmyndir af skólanum eins og hann er í dag en í dag er skólahúsnæðið 1527 fermetrar. Þéttleiki í skólanum skoðaður samanborið við aðra svipaða skóla og farið yfir viðmið um fermetra per nemanda. Talað um 14 fermetrar á nemanda en í dag eru um 12,7 fermetrar á nemanda (miðað við 120 nemendur). Miðað við spá um 140 nemendur árið 2031 þyrfti 2100 fermetra húsnæði til að tryggja 15 fermetra á nemanda.
2. Farið yfir tillögu að vinnuplani fyrir hópinn.
3. Farið í skoðunarferð um núverandi skólahúsnæði.
4. Rætt um næstu skref í vinnunni. Áhugi hjá vinnuhópnum á að framlengja samningi við EFLU vegna frekari vinnu við verkefnið og fá Anne til að halda utanum vinnuna. Oddvita og sveitarstjóra falið að ganga frá áframhaldandi samningi við EFLU vegna verkefnisins.

Minnisblað ritað af Huldu Kristjánsdóttir, sveitarstjóra